



Orðaleikur

Kennsluleiðbeiningar



MIÐSTÖÐ
SKÓLAPRÓUNAR

Kennsluleiðbeiningar og hugmyndir

fyrir leikskóla



2018

Rannveig Oddsdóttir
Íris Hrönn Kristinsdóttir

Teikningar:
Inga María Brynjarsdóttir

Inngangur

Orðaleikur er námsefni fyrir leikskóla. Efnið samanstendur af handbók, myndasafni, kennsluleiðbeiningum og verkefnasafni. Efnið er notendum að kostnaðarlausu, það er aðgengilegt á vef og geta notendur prentað það út eða notað rafrænt.

Námsefnið er unnið með þarfir leikskólabarna sem læra íslensku sem annað mál í huga en getur einnig gagnast öðrum hópum, svo sem eldri börnum sem eru nýflutt til landsins og eintyngdum íslenskum börnum sem þurfa stuðning við orðanám. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð.

Handbókin og námsefnið sem henni fylgir er gefið út af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Námsefnið var styrkt af Þróunarsjóði námsgagna, Sprotasjóði, Samfélagssjóði KEA og Norðurorku og unnið í samstarfi við leikskólann Iðavöll á Akureyri.

Handbók

Í handbókinni er að finna fróðleik og hugmyndir varðandi orðanám barna af erlendum uppruna.

Myndasafn

Í myndasafninu má finna orðapemu sem tengjast leikskólanum. Lögð er áhersla á orð sem leikskólabörn þurfa að kunna til að geta átt samskipti við aðra og gert sig skiljanleg.

Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningar fylgja efninu þar sem settar eru fram hugmyndir um það hvernig má vinna með efnið í leikskólastarfi.

Verkefnasafn

Námsefninu fylgir líka verkefnasafn sem kennarar og foreldrar geta notað í vinnu með börnum.



Orðapemu

*Hugmyndir
um leik og starf
í leikskóla
út frá
orðapemu*

*Orðapemunum
fylgja myndir sem
teiknaðar eru af
Ingu Maríu
Brynjarsdóttur
myndlistakonu.*



Leikskólinn

Myndir

Leikskólapemanu fylgja myndir sem hægt er að nota á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfinu en þær má einnig benda foreldrum á að nota heima.

Myndirnar eru teiknaðar með það í huga að hægt sé að nota þær til að merkja staði og hluti, búa til dagskipulag, orðabækur, spil og verkefni. Þær henta vel til að efla orðaforða barnanna og sem myndrænn stuðningur þegar tekið er á móti börnum sem ekki skilja íslensku.

Merkingar

Myndirnar úr leikskólapemanu má nota til að merkja staði í leikskólanum, svo sem fataherbergi, deild barnsins, eldhús, sal og baðherbergi. Merkingar innan leikskólans geta kallast á við dagskipulagið og veitt barninu vísbendingar um hvert það á að fara.

Daglegt líf

Dagskipulag

Dagskipulag ætti að vera sýnilegt á öllum deildum í leikskóla. Það eykur öryggistilfinningu barnanna að geta séð hvernig dagurinn er uppbyggður. Það er gott að vita hvað gerist næst og hvert ferðinni er heitið. Þetta er enn mikilvægara fyrir börn sem skilja ekki það sem kennarinn segir.

Börn sem kunna litla eða enga íslensku geta haft gagn af því að hafa sitt eigið dagskipulag upp á vegg eða í bók. Kennarinn raðar upp deginum með barninu að morgni og nefnir stundir dagsins. Barnið tekur myndirnar síðan af skipulaginu jafnóðum og hefur þannig yfirsýn yfir daginn, veit hvenær matartímar eru og hvenær það fer heim.

Leikskólinn

Orðabækur

Orðabækur með myndum geta hjálpað börnum að tjá sig og komast af stað í orðanáminu. Þær er hægt að útbúa á fjölbreytta vegu með því að taka ljósmyndir eða nýta myndir úr myndasafni Orðaleiks eða Boardmaker sem margir leikskólar eiga. Myndunum er hægt að raða inn í bók eða albúm og skrifa orðin við. Einnig er hægt að nýta tæknina og búa til bækur í snjalltækjum til dæmis með Book Creator smáforritinu.

Orðabækur eru góður kostur í orðanámi til að fletta og skoða en þær geta einnig hjálpað börnum að tjá sig, til dæmis ef settar eru inn myndir af helstu athöfnum í leikskólanum svo sem að borða, leika, fara á klósettið o.s.frv.



Daglegt líf

Spil og verkefni

Í kringum orðapemun er hægt að búa til alls kyns spil og verkefni þar sem orðin koma við sögu til að auka tíðni þeirra í dagsins önn.

Hægt er að búa til spil úr pappír, til dæmis minnispil og lottó. Þessi spil og verkefni er gott að hafa í boði með öðru leikefni þar sem börnin geta sótt það sjálf.

Veiðimaður

Hægt er að búa til skemmtilega útgáf af Veiðimanni með því að búa til tvö eintök af mynd með segulmiða á bakhliðinni. Útbúa síðan veiðistöng með segulstáli og skiptast á að veiða upp myndir, segja hvað á þeim er og safna jöfnum.

Föt

Daglegt líf

Lengjum setningar og fjölgum orðum

Föt eru góður útgangspunktur til að læra flóknari orð og hugtök. Notum því tækifærið og kennum börnunum orð sem tengjast fatnaði og notkun hans, til dæmis sagnir eins og **að klæða** sig og lýsingarorð á borð við **kalt, hlýtt, blautt og drullugt**.

Eftir því sem orðaforði barnsins eykst má bæta við fleiri orðum, svo sem staðsetningarhugtökum (settu hífuna **upp** í hólfið þitt) og litaheitum (viltu fara í **gulu** eða **bláu** hífuna?).

Fataherbergi

Fataherbergið er kjörinn staður til að læra um fatnað.

Nefnum heitið á þeim fötum sem barnið er að klæða sig í og notum viðeigandi sagnorð með.

Leggjum áherslu á orðin sem við viljum að börnin læri.



*Grípum tækifærin
í daglegu starfi,
setjum orð á hluti
og athafnir*

Föt

Myndir

Myndir eru góðar til að ýta undir skilning. Það er tilvalið að setja upp myndir í fataherbergi af þeim fatnaði sem á að klæða sig í hverju sinni til að auðvelda börnunum að finna réttu fötin. Sumum börnum finnst gott að hafa myndaröð hjá hólfínu sínu og taka myndirnar af jafnóðum og þau klæða sig.

Einnig er hægt að setja myndir í fatahólfið og merkja þannig hvar hver hlutur á heima.

Myndirnar er hægt að nota sem útgangspunkt fyrir umræður og til þess að benda á og segja orðin.

Hér má sjá dæmi um hvernig hægt er að nota myndir til að sýna hvaða föt þarf að fara í fyrir útiveru

Það er misjafnt hvers konar myndir henta börnum. Algengt er að nota myndir úr forritinu Boardmaker í leikskólum, þær eru einfaldar og skýrar, hægt er að nota myndirnar sem fylgja þessu námsefni eða einfaldlega ljósmyndir.

Einnig þarf að hafa í huga stærð myndanna en mjög litlar myndir henta börnum yfirleitt illa.



Föt

Leikur

Fatnaður og leikur

Þegar við erum að kenna börnum orð er gott að þau komi við sögu sem oftast yfir daginn í fjölbreyttum aðstæðum.

Leikur er kjörin leið til að læra orð. Leikir með föt eru skemmtilegir og gefa tækifæri til samskipta við önnur börn.

Dúkkuleikur

Dúkkuleikur hentar vel til að kenna heiti á fötum og athöfnum. Hægt er að klæða dúkkurnar í alls kyns föt og leika með þær í samskiptaleikjum.

Hlutverkaleikur

Hlutverkaleikir þar sem búningar koma við sögu eru góð leið til að læra málið. Það er tilvalið að safna saman gömlum fötum, skóm og höttum í kassa og leyfa börnunum að leika sér með. Því fjölbreyttari sem fatnaðurinn er því meiri möguleikar eru á að kenna orð. Það er til dæmis hægt að vera með háhælaða skó, strigaskó og inniskó í kassanum. Kjólar geta verið stuttir, síðir, víðir, gulir, rauðir, doppóttir o.s.frv. Hægt er að tala um að hneppa, smella, renna, hnýta o.s.frv.

Með fjölbreyttu úrvali af búningum verða til tækifæri til að hengja ný orð við orðapemað um fötin og skapa þar með aðstæður til að auðga orðaforða barnanna.



Föt

Bækur



Lestur, lestur, lestur...

Til eru ýmsar bækur þar sem markvisst er kenndur orðaforði sem snýr að fatnaði, til dæmis bækurnar *Nói litli klæðir sig* og *Mimi fer í föt*.

Í bókunum um Mimi er orðaforðinn tengdur við Tákni með tali (TMT). Einnig er til mikið af alls kyns bendibókum með myndum af fatnaði.

Hægt er að nota nánast hvaða bækur sem er sem grunn fyrir umræður um fatnað, það getur verið gaman að lesa bækur um efni sem tengist áhugasviði barnanna en veita jafnframt fatnaði persónanna athygli og tengja hann til dæmis við veðrið í bókinni, umhverfið sem persónan er stödd í og það sem hún er að fást við.

Sönglög og vísur

Það eru til mörg skemmtileg sönglög og vísur um fatnað sem hægt er að nýta til að efla orðaforða og styðja við orðanám barnanna.

Með því að búa til myndir út frá sönglögum, þulum og vísurum má styðja við skilning barnanna og gera boðskap kveðskapsins sýnilegri.

Tónlist

Veður

Umræður

Veðrið á Íslandi er margbreytilegt, það getur breyst á örskömmum tíma og hefur margvísleg áhrif á líf okkar. Veðrið hefur í gegnum tíðina verið stöðug uppspretta umræðna og vangaveltna hjá ungum sem öldnum enda má segja að Íslendingar þreytist aldrei á að tala um veðrið.

Veðrið er skemmtilegt þema til að vinna út frá, eitthvað sem allir geta tekið þátt í að rannsaka. Nemendur sem koma frá öðrum löndum geta sagt frá hvernig veðrið er þar sem þeir áttu heima og jafnvel sýnt myndir.

Út frá veðrinu má velta fyrir sér alls kyns hlutum, svo sem klæðnaði, gróðri og byggingum.

Veðrið hentar vel sem útgangspunktur til að hengja við ný orð, til dæmis lýsingarorð á borð við *kalt*, *heitt*, *blautt*, *þurrt*, *dimmt* og *bjart*.

Umræður

Veðurfræðingur

Í mörgum leikskólum eru *veðurfræðingar* að störfum. Þeir hafa það verkefni að kanna hvernig veðrið er og setja upp veðurkort fyrir hin börnin. Áður en börnin fara út fer kennarinn yfir veðurkortinu og ræðir í framhaldi um hvernig klæðnaður hentar best. Sumir setja upp myndir af þeim fatnaði sem æskilegt er að klæða sig í og hengja upp í fataherberginu.

Að vinna daglega með veðrið gefur kennurum tækifæri til að auðga orðaforða barnanna. Með daglegri endurtekningu festast orðin í minni barnana og smám saman er hægt að bæta við fleiri og flóknari orðum.

Veður

Myndir

Myndir ýta undir skilning. Myndirnar sem fylgja Orðaleik er hægt að nota til að búa til veðurkort, spil, verkefni og til sögugerðar. Hægt er að tengja myndir af fötum við myndir af veðri og nota myndirnar sem sýna barn sem er kalt eða heitt með öðrum myndum í samskiptabækur fyrir börn sem eru ekki farin að tala íslensku.

Myndir

Bækur

Veður kemur við sögu á einhvern hátt í mörgum barnabókum en einnig eru til bækur þar sem veðrið er sérstaklega til umfjöllunar. Dæmi um slíkar bækur eru *Vinur minn, vindurinn* og *Sjáðu mig sumar* eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Í bókunum er fjallað um veðrið á skemmtilegan hátt með ríkulegum orðaforða.

Bækur



Tónlist

Mörg skemmtileg sönglög fjalla um veðrið. Það er kjörið að nýta þau í leikskólastarfinu og búa til hreyfingar og/eða myndir til að ýta undir skilning barnanna.

Tónlist

Athafnir

Myndir

Myndirnar má nýta til að merkja svæði í leikskólanum, til dæmis hvíld, baðherbergi eða staði þar sem börnin eiga að fara í röð. Þær má einnig nota í samskiptabækur sem börnin geta notað fyrstu dagana í leikskólanum og til að búa til athafnaraðir, til dæmis á baðherbergi.



Málörvun

Myndir úr athafnapemanu eru hentugar til að nota sem grunn í spjall. Þær sýna algeng sagnorð sem allir þurfa að kunna.

Fleiri pemu eru
væntanleg...

